

# Gæðastefna Háskólans á Hólum

## Tilgangur og gildisvið

Tilgangur gæðastefnu og gæðakerfis Háskólans á Hólum er að efla gæði náms, kennslu og rannsókna og veita umgjörð fyrir stuðning við nemendur sem stuðlar að góðri námsupplifun þeirra. Gæðastefnan tekur til stefnumiðaðrar stjórnunar, náms, kennslu, stoðþjónustu og rannsókna Háskólans á Hólum.

## Ábyrgð


Háskólaráð setur gæðastefnu Háskólans á Hólum. Deildarstjórar og rekstrarstjóri bera ábyrgð á gæðum og gæðamati í starfsemi þeirra starfseininga sem þeir stýra.

Gæðaskjöl eru til unnin í nefndum á þeirra málefnasviði. Gæðanefnd skipuleggur innra gæðamat í samráði við starfseiningar og rýnir niðurstöður þess. Gæðastjóri er formaður gæðanefndar og leiðir innleiðingu gæðastefnunnar í samstarfi við viðkomandi stjórnendur. Gæðanefnd er skipuð rektor, gæðastjóra, deildarstjórum, rekstrarstjóra og formönnum kennslunefndar og rannsóknarnefndar. Framkvæmdaráð getur tilnefnt fleiri í gæðanefnd eftir því sem við á.

Ábyrgð nefnda og samþykktarferli gæðaskjala er nánar líst í verklagsreglunni VLR-001 Stýring gæðaskjala.

Ytra gæðamat á starfsemi Háskólans á Hólum er í höndum Gæðamats háskóla. Matið fer fram með stofnunarúttekt í rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum og árlegri eftirfylgni með innra gæðamati, umbótum og viðbrögðum við úttekt.

Eftirfarandi mynd sýnir samhengi og skipulag gæðamála við háskólann:



## Stefnumið

### Háskólinn á Hólum uppfyllir gæðakröfur um starfsemi íslenskra háskóla

Starf Háskólans á Hólum byggir á lögum um háskóla nr. 63/2006, lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, þeim reglum sem hafa verið settar á grundvelli laganna, leiðbeiningum um gæðatryggingu Evrópskra háskóla (e. Standards and guidelines for quality assurance in the European Higher Education Era, ESG) og rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum 2024-2029.

### Gæðamenning Háskólans á Hólum er verkefni allra

Gæðamenning er samstarfsverkefni allra sem koma að háskólastarfinu. Stuðlað er að því að starfsfólk, nemendur og ytri hagaðilar taki þátt í stefnumótun, innra gæðamati, þróun námsframboðs og eflingu á starfsemi háskólans. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína í tengslum við gæðakerfið.

### Háskólinn á Hólum vinnur eftir hringferli stöðugra umbóta

Unnið er eftir hringferli stöðugra umbóta sem sjá má á eftirfarandi mynd. Aðgerðaáætlanir eru gerðar á grunni stefnumótunar. Stefna er innleidd í verklagsreglum og skipulagi. Daglegur rekstur tekur mið af verklagi sem skilgreint er í gæðahandbók. Innra gæðamat á námi, kennslu og rannsóknum fer fram með skipulegum hætti. Niðurstöður innra og ytra gæðamats eru rýndar og unnið er að umbótum á grunni matsins.



### Stjórnun við Háskólann á Hólum er stefnumiðuð og ákvarðanir eru teknar á grundvelli gagna

Heildarstefna háskólans er sett á fimm ára fresti. Stefnan er sett með aðgerðaáætlun og lykilmælikvörðum. Sérþækar stefnur eru mótaðar með hliðsjón af heildarstefnu. Innra gæðamat styður við vinnu að stefnunni. Lykilgögnum er safnað og ákvarðanir eru teknar á grunni þeirra.

## Gæðahandbók Háskólans á Hólum lýsir skipulagningu, framkvæmd og umbótum á starfsemi hans

Í gæðahandbók eru tekin saman gæðaskjöl sem lúta að skipulagningu, framkvæmd, mati og umbótum á starfsemi háskólans. Gæðaskjölin varða stefnumiðaða stjórnun, gæðakerfi, nám og kennslu, rannsóknir og nýsköpun, tengsl við samfélagið, stoðþjónustu og aðstöðu fyrir starfsfólk og nemendur.

## Háskólinn á vinnur kerfisbundið innra gæðamat sem nýtt er til umbóta

Innra gæðamat Háskólans á Hólum felur í sér árlegt símat og viðameira reglulegt gæðamat á námsleiðum, deildum og stoðþjónustu. Auk þess er unnið eftir árlegu dagatali um innra gæðamat sem felur meðal annars í sér úrvinnslu tölulegra gagna, kannanir og rýnifundi.

## **Aðgerðir**

Til að innleiða gæðastefnuna verður unnið að eftirfarandi:

- Unnið er að stefnumótun fyrir nýja heildarstefnu háskólans
- Unnið eftir áætlun um innra gæðamat, og að stöðugri þróun þess
- Gerð gæðahandbókar. Byggt er á matsþáttum rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum
- Ný gæðaskjöl verða kynnt jafnóðum og þau eru birt í gæðahandbók

## **Mælikvarðar**

Eftirfarandi mælikvarðar eru settir fyrir skólaárin 2025-2026 og 2026-2027:

- Heildarstefna Háskólans á Hólum verði tilbúin í ársbyrjun 2027
- Á skólaárunum 2025-2026 og 2026-2027 hafi farið fram árlegt innra gæðamat í deildum og stoðþjónustu, og unnið eftir áætlun um innra gæðamat
- Helstu stefnur, reglur og verklagsreglur um gæðakerfi, stefnumiðaða stjórnun, nám og kennslu, og rannsóknir og nýsköpun hafi verið birtar í gæðahandbók fyrir lok skólaársins 2026-2027

## **Endurskoðun**

Gæðastefnan er endurskoðuð við setningu heildarstefnu háskólans og ef breytingar verða á ytri kröfum sem hafa áhrif á gæðastefnuna.

# Lýsing á Gæðakerfi Háskólans á Hólum

Gæðakerfi Háskólans á Hólum byggir á gæðastefnu hans og nær til stjórnunar, náms, kennslu og rannsókna. Meginstólpar gæðakerfisins eru stefna Háskólans á Hólum og undirstefnur hennar, gæðahandbók og innra og ytra gæðamat.

## Stefna Háskólans á Hólum

Heildarstefna Háskólans á Hólum er birt á heimasíðu hans. Stefnan byggir á gildum háskólans sem eru virðing, fagmennska og sköpun. Sérþækar stefnur og stefnur deilda taka mið af heildarstefnu. Stefnumótun fer fram árið 2026 og ný stefna tekur gildi frá ársbyrjun 2027.

## Gæðahandbók

Í gæðahandbók eru tekin saman gæðaskjöl Háskólans á Hólum. Gæðahandbók skiptist í fjóra kafla: 1) Gæðakerfi og stefnumiðuð stjórnun, 2) Nám og kennsla, 3) Rannsóknir og nýsköpun, 4) Mannauður, aðstaða og öryggismál.

Gæðaskjöl í gæðahandbók hafa forskeyti og númer. Forskeytið segir til um tegund skjals. Forskeyti og tegundir gæðaskjala í gæðahandbók eru eftirfarandi:

- REG: Reglur / starfsreglur
- STE: Stefna
- VLR: Verklagsregla
- VLY: Vinnulýsing / leiðbeiningar
- EYB: Eyðublað / sniðmát / gátlistar

Gæðahandbók birt er á innri vef starfsfólks á Teams undir rásinni Gæðahandbók. Stefnur og reglur eru þar að auki birtar á heimasíðu háskólans. Skjöl í gæðahandbók eru gefin út á íslensku og ensku. Sé hægt að túlka útgáfur á misvísandi hátt ef það íslenska útgáfan sem gildir.

## Innra og ytra gæðamat

Ytra gæðamat er á höndum Gæðamats háskóla og tekur mið af rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum. Háskólinn undirgengst stofnunarúttekt í hverri lotu rammaáætlunar. Núgildandi rammaáætlun gildir fyrir árin 2024-2029.

Innra gæðamat felur bæði í sér árlegt símat og reglulegt mat sem er viðameira og fer fram á 3-5 ára fresti. Innra gæðamat er útfært nánar í sérstökum leiðbeiningum.

Mat á námsleiðum fer fram bæði árlega (símat) og á fjögurra ára fresti (reglulegt mat). Árlega er meðal annars skoðuð endurgjöf nemenda og kennara og lykiltölur til að meta hvort gera þurfi breytingar á námsleið eða námskeiðum hennar. Í reglulegu mati sem fer fram á fjögurra ára fresti eru allir þættir námsleiðar rýndir með aðkomu fulltrúa hagaðilahópa.

Mat deilda og stoðþjónustu fer fram bæði árlega (símat). Í árlegu mati deilda eru lykiltölur um nám og kennslu, mannauð og rannsóknir rýndar.

Gæðanefnd hefur umsjón með árlegu dagatali um innra mat. Dæmi um mat sem gæðanefnd heldur utanum er gæðakönnun, greiningar á tölulegum gögnum og rýnifundir nemenda á hverri námsleið.

Stefnan var samþykkt í háskólaráði 21. Maí 2026